

FRÉTTIR

Dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og dr. Inga Dóra Björnsdóttir

Stöndum í einu og öllu við okkar niðurstöðu

Dr. SIGRÍÐUR Dúna Kristmundsdóttir, dósent í mannfræði og fyrverandi þingkona Kvennalistans, segir að útkoma Kvennalistans í síðustu alþingiskosningum sé staðfesting á þeim niðurstöðum sem hún og dr. Inga Dóra Björnsdóttir komust að í grein um Kvennalistann sem birtist í *The European Journal of Women's Studies*. Hún segir þær standa við niðurstöður greinarinnar í einu og öllu.

Guðný Guðbjörnsdóttir, þingkona Kvennalistans, sagði við Morgunblaðið í gær að hún teldi að ritstjórar ritsins hefðu ekki áttáð sig á að annar höfunda greinarinnar, Sigríður Dúna, væri að fjalla um persónulega reynslu.

Sigríður Dúna sagði að Guðný gæti ekki vitað hvað hefði farið á milli ritstjóra ritsins og höfundanna og því væru þessi orð hennar adeins dylgjur. „Bæði ritdæmendur greinarinnar og ritstjórar töldu nægjanlegt að fram kæmi í kynningu á höfundum að annar beirra hefði starfað með kvennahreyfingunni um árabil,“ sagði Sigríður Dúna.

„Hitt er víst að ég hikaði mjög við að taka dæmið af sjálfrí mér, en meðhöfundur minn taldi það nauðsynlegt af tveimur ástæðum.

Annars vegar vegna þess að þetta er eina skjalesta dæmið af þessu tagi og eins taldi hún að það væri fölsun á þeim veruleika sem verið væri að fjalla um ef við slepptum því. Hún taldi sig fullfæra um að taka fræðilega ábyrgð á mér sem heimildarmanni og það töldu ritstjórar ritsins einnig.

Reynt að gera greinina tortryggilega

Pessi grein fjallar hins vegar ekki um mig heldur er hún fræðileg úttekt á hugmyndafræðilegri þróun Kvennalistans eins og kom fram í Morgunblaðinu í gær. Kvennalistakonur sjá sér greinilega hag í því að gera greinina tortryggilega með því að láta í veðri vaka að greinin snúist um mig eða mínar upplifanir.

Það er í raun ekki annað en ein tegund af því sem Helga Sigurjónsdóttir hefur kallað skoðanakúgun Kvennalistans; í þessu tilfelli tilraun til að þaggia niður í fræðilegum niðurstöðum. Það er einmitt þetta sem við Inga Dóra eignum við þegar við segjum að kvennabaráttan geti snúist upp í andhverfu sína.“

Kristín Ástgeirs dóttir, þingkona Kvennalistans, hefur fullyrt í Alþýðublaðinu að grein Ingu Dóru og Sigríðar Dúnu hafi verið hafnað af norræna fræðatímáritinu *Noru*. Sigríður Dúna sagði þessa fullyrðingu enn annað dæmi um tilraun Kvennalistans til að þaggia greinina niður með því að gera hana tortryggilega. „Það er í raun athyglisvert að Kristín



KVENNALISTAKONUR á meðan allt lék í lyndi. Frá vinstri: Kristín Ástgeirs dóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarssdóttir, Sigrún Jónsdóttir og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

in skuli telja sig hafa einhverjar heimildir fyrir þessu vegna þess að það sem gerist í ritstjórnun er trúnaðarmál. Það vill svo til að ég á sæti í ritnefnd *Noru* fyrir Íslands hönd og get upplýst að greininni var ekki hafnað á fræðilegum forsendum.

Það er líka athyglisvert hversu hörundsárar kvennalistakonur eru vegna þessarar umfjöllunar. Nú er það svo að í dag á sér stað alþjóðleg fræðileg umræða um kúgum innan kvennahreyfinga. Kvennalistinn er ekkert einsdæmi að þessu leyti þótt kvennalistakonur virðist halda það. Ég get bent áhugafólki t.d. á bókina *Feminist Nightmares*, sem kom út hjá New York University Press í

fyrra, ritstýrð af S.O. Weisser og J. Fleischner. Af þeiri bók má læra í þessum efnum.“

Óx frá Kvennalistanum

Guðný sagði við Morgunblaðið að Sigríður Dúna hefði áður haldið því fram að hún hefði vaxið hugmyndafræðilega frá Kvennalistanum og lýsing hennar á því að hjónabandsmál hennar skiptu hér einhverju málí væri því ný.

„Það er rétt að ég óx hugmyndafræðilega frá Kvennalistanum. Manneskjan er hins vegar ekki í hólfum heldur ein heild. Afstaða Kvennalistans til þess að ég tók mér frelsi í makavali var eitt af því sem

sýndi mér fram á kúguñarpáttinn í þessari hugmyndafræði og þar af leiðandi eitt af því sem gerði það að verkum að ég óx frá henni.“

Sigríður Dúna sagði mikilvægt að hafa í huga að það sem segði í greininni um hreint og óhreint væri mannfræðileg tákngreining og um hana bæri því að fjalla á mannfræðilegum grunni en ekki pólitískum eins og Guðný geri. Það væri hins vegar ekki óeðlilegt að Guðný fjallaði um þetta út frá pólitískum sjónarhlí enda væri hún þingkona Kvennalistans en ekki mannfræðingur.

Kosningarnar staðfesta okkar niðurstöðu

Sigríður Dúna sagði nauðsynlegt að átta sig á að greinin væri skrifuð fyrir einu og hálfu ári. Ferill fræðilegra greina frá ritun til birtinga væri yfirleitt betta langur.

„Síðan greinin var skrifuð hefur a.m.k. tvennt gerst sem rennir stoðum undir greiningu okkar. Við vörpuum þeirri spurningu fram í greininni hvort Kvennalistinn geti lifað af samstarfið við R-listann og teljum það ólíklegt. Við byggjum það á tákngreiningu okkar á hreinu og óhreinu. Útkoma Kvennalistans í síðustu alþingiskosningum rennir ótvírætt stoðum undir þessa greiningu.“

Hitt atriðið er mál Helgu Sigurjónsdóttur, en framkoma Kvennalistans við hana er einmít dæmigerð fyrir þá kúgum sem hugmyndafræði Kvennalistans getur haft í för með sér og sem við fjöllum um í grein okkar.“

„Ég vil að lokum taka fram að ég hef enga löngun til að slást við kvennalistakonur, sem margar hverjar eru ágaðar vinkonu mínar, á vettvangi dægurmálabrassins. Ég áskil mér hins vegar það frelsi, sem fræðimaður, að fjalla um það sem er eftir á baugi í fræðunum hverju sinn með skírskotun til íslensks veruleika. Í því efni segir enginn mér fyrir verkum,“ sagði Sigríður Dúna.